um frv. til l. um heimilishjálp í viðlögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „sem kunna að setja heimili í hættu" falli burt.
2. Við 7. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endurskoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara laga til að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna þessarar starfsemi, ber að endurgreiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlög þeirra.

Alþingi, 22. nóv. 1951.

Páll Þorsteinsson, form. Kristín Sigurðardóttir, fundaskr., frsm. Jónas Árnason.

Gylfi Þ. Gíslason. Helgi Jónasson.